

Eineltisáætlun Grunnskólans í Hveragerði



OLWEUSARVERKEFNIÐ GEGN EINELTI



VÍSKA VIRÐING VINÁTTA

GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI

Efnisyfirlit

Eineltisáætlun Grunnskólans í Hveragerði	3
Leiðarljós fyrir starfsmenn	4
Forvarnir	4
Bekkjafundir	4
Samstarf við foreldra	6
Samskipti sett á dagskrá	6
Skýrar reglur	6
Fræðsla	6
Eineltisteymi	8
Kannanir á einelti í skólanum	8
Viðbrögð við einelti	9
Eineltisáætlun starfsmanna Grunnskólans í Hveragerði	10

Eineltisáætlun Grunnskólans í Hveragerði

Olweusarverkefnið gegn einelti er ætlað að skapa þær aðstæður í skólanum að einelti viðgangist ekki. Hún er heildstæð nálgun sem nær til alls skólasamfélagsins. Í Grunnskólanum í Hveragerði er lögð rík áhersla á að nemendur tileinki sér heilbrigða lífshætti og jákvætt viðhorf.



Grunnurinn að Olweusaráætlun Grunnskólans í Hveragerði byggir á tveimur lykilþáttum.

1. Markvissar forvarnar gegn einelti
2. Skýrt vinnulag þegar upp koma samskipta- og eineltismál

Olweusaráætlunin miðar að því að bæta og skapa skólaumhverfi sem einkennist af:

- Hljú og hlutdeild fullorðinna
- Virku eftirliti fullorðinna í skólanum og á skólalóðinni
- Föstum römmum vegna óviðunandi atferlis
- Viðurlögum vegna óviðunandi atferlis
- Virkri hlutdeild nemenda

Markmiðið með vinnu í aðgerðaráætlun Olweusar er að skapa jákvætt félagslegt umhverfi. Ekki er um átak að ræða, heldur viðvarandi verkefni.

Í vinnu skólans gegn einelti eru foreldrar kallaðir til ábyrgðar og þar er umsjónarkennarinn í lykilhlutverki ásamt öðru starfsfólki skólans. Foreldrar þurfa að vera virkir þátttakendur í verkefninu þar sem þeir eru mikilvægur hluti skólasamfélagsins.

Upplýstir nemendur eru að sjálfsögðu besta tryggingin fyrir því að einelti fái ekki þrífist í skólanum.

Leiðarljós fyrir starfsmenn

Starfsmenn Grunnskólans í Hveragerði ætla:

- að sýna nemendum hlýju
- að sýna nemendum ákveðni
- að taka eftir nemendum sem eru oft einir
- að skerast í leikinn ef átök eru í gangi, betra að skerast í leikinn of oft en of sjaldan
- að gefa skýr skilaboð: svona gerum við ekki
- að tala um verknaðinn, ekki persónur (hvað fremur en hver)
- að sýna stillingu og myndugleika
- að tala skýrt og horfa í augu nemandands
- að öskra ekki eða ógna nemanda
- að fylgja eftir því sem sagt er
- að láta umsjónarkennara vita
- að miðla upplýsingum og leita samstarfs
- að láta eineltisteymi skólans vita

Forvarnir



Vinna við forvarnir fer fram í skólanum og í samvinnu við ýmsa aðila eins og íþróttafélagið Hamar, Frístundamiðstöðina Bungubrekku og foreldra. Forvarnastarf gegn einelti og andfélagslegu atferli er hornsteinn Olweusaráætlunarinnar í skólanum.

Bekkjarfundir

Með reglulegum bekkjarfundum samkvæmt uppskrift Olweusar getum við unnið saman öll sem eitt gegn einelti. Bekkjarfundir eru haldnir reglulega en í Grunnskólanum í Hveragerði eru fundirnir fastir í töflu hjá öllum bekkjum. Á bekkjarfundum er meðal annars rætt um hvernig hægt sé að sporna við einelti og leitað leiða til þess að vinna með góð samskipti í bekkjum.

Reglur á bekkjarfundum í Grunnskólanum í Hveragerði:

Reglur á bekkjarfundum:

- Við réttum upp hönd
- Við grípum ekki fram í fyrir þeim sem eru með orðið
- Við getum verið ósammála án þess að vera óvinir, bölvva eða vera orðljót
- Allir hafa leyfi til að tjá sig

Reglur sem gott er að hafa í huga

- Við hlustum vel hvert á annað
- Einn talar í einu
- Við hlæjum ekki né flissum þegar bekkjarfélagar okkar segja skoðun sína
- Við gerum ekki lítið úr skoðunum annarra
- Trúnaður



Eineltishringurinn er verkfæri sem notað er mikið í tengslum við samskiptamál og umræður á bekkjarfundum. Hringurinn á að vera sýnilegur í öllum kennslustofum og nemendur eiga að þekkja hvernig hann virkar og eiga að geta staðsett sjálfan sig á hringnum.

Samstarf við foreldra

Það er óumdeilanlegt að skólinn ber aðalábyrgð á að koma á jákvæðu samstarfi heimila og skóla. Foreldrar gegna samt lykilhlutverki við þroska og mótun nemenda og þess vegna er mjög mikilvægt að gott samstarf sé á milli heimilis og skóla.

Ýmsar leiðir eru farnar í þessum efnum og í Grunnskólanum í Hveragerði eru til dæmis foreldraviðtöl haldin í skólanum með reglubundnum hætti þar sem meðal annars samskipti og líðan eru sett á dagskrá. Aukinheldur eru tvisvar sinnum ári svokallaðar heimhringingar þar sem umsjónarkennarar hafa samband við alla foreldra þar sem líðan er aðalinntak samtalsins. Í viðbót við þessi samskipti er mjög mikilvægt að starfsfólk sé í góðum samskiptum við heimilin þegar fengist er við samskipta- og/eða – eineltismál í skólanum.

Samskipti sett á dagskrá

Í Grunnskólanum í Hveragerði hafa samskipti og líðan verið sett á dagskrá með markvissum hætti og meðal annars hefur áhersla verið lögð á þessa þætti í starfsáætlun skólans undanfarin ár. Ýmis önnur verkfæri eru notuð hér í skólanum þar sem nemendur hafa tækifæri til þess að tjá sig um samskiptamál og fá aðstoð og fræðslu frá starfsfólki varðandi góð samskipti.

Dæmi um leiðir.

- Bekkjarfundir fastir í töflu bekkja
- Líðan tímar í smiðjum með kennara og/eða námsráðgjafa
- Einstaklingsviðtöl
- Mannræktartímar þar sem áhersla er lögð á andlega líðan

Skýrar reglur

Í Grunnskólanum í Hveragerði fara nemendur eftir skólareglum og eru reglur um einelti ófrávíkjanlegar. Það er mikilvægt að nemendur þekki reglurnar og þekki hvaða afleiðingar það getur haft séu reglur brotnar. Hver bekkur setur sér svo bekkjarreglur þar sem meðal annar er komið inn á samskipti nemenda í bekknum. Mikilvægt er að nemendur hafi hlutdeild í reglunum og taki þátt í mótun þeirra. Aukinheldur er skólinn með samræmdar reglur fyrir bekkjarfundi (sjá bls. 4).

Fræðsla

Í skólanum fer fram fjölbreytt fræðsla um samskipti og einelti. Nemendur þurfa að þekkja hugtakið vel og vita hver munurinn er á einelti og samskiptavanda. Kennarar sinna þessari fræðslu á mestu leyti í gegnum hinar og þessar námsgreinar en einnig hefur skólinn fengið

utanaðkomandi aðila til að fræða nemendur um málefnið. Starfsfólk hefur einnig fengið fjölbreytta fræðslu um Olweus og ýmislegt sem hægt er að fást við í skólanum varðandi samskiptamál.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Grunnskólinn í Hveragerði er einn af þáttökuskólum í Vináttuverkefni Barnaheilla. Verkefnið felur í sér forvarnir gegn einelti fyrir yngstu börn grunnskólans. *Vinátta* byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir vinátta á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og samskiptum innan skólasamfélagsins. Hugmyndafræðin byggir á fjórum gildum.



Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að vinna markvisst að því að byggja upp góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum.

Eineltisteymi



Í skólanum er fimm manna ráðgefandi eineltisteymi undir stjórn verkefnastjóra. Teymið er kennurum til fulltingis ef upp koma eineltismál. Það er lykilatriði í Olweusarverkefninu að mál séu leyst með samvinnu umsjónarkennara, nemenda og foreldra og öðrum aðilum sem tengjast málinu beint.

Teymið er sá aðili sem getur tekið að sér að leiða saman þessa aðila og jafnvel stjórna fundum þeirra enda er talið mikilvægt að kennari sé aldrei einn við úrlausn slíkra mála.

Eineltisteymið fundar á tveggja vikna fresti og snúast fundir þess meðal annars um að fara yfir þau samskiptamál sem eru í gangi hverju sinni og leggja á ráðin varðandi næstu skref í samráði við umsjónarkennara. Teymið á einnig þátt í að leggja línurnar varðandi forvarnastarf í skólanum til dæmis í tengslum við Baráttudag gegn einelti sem er haldinn hátíðlegur 8. nóvember ár hvert. Teymið er einnig framkvæmdaraðili á eineltiskönnun sem lögð er fyrir árlega í skólanum.

Teymið samanstendur af eftirfarandi starfsmönnum

Guðríður Aadnegard, námsráðgjafi

Ingimar Guðmundudsson, forstöðumaður Bungubrekku

Kolbrún Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri miðstigs

Matthea Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri

Ólafur Hilmarsson, deildarstjóri yngsta stigs

Sigmar Karlsson, deildarstjóri elsta stigs

Kannanir á einelti í skólanum

Í desember ár hvert er lögð fyrir rafræn könnun með þátttöku nemenda í 5. – 10. bekk. Gögnin eru yfirfarin og gæðatryggð af forsvarsmönnum Olweusarverkefnisins og niðurstöður fengnar þáðan. Í hverjum bekk fyrir sig fara reglulega fram tengslakannanir þar sem kennarar kortleggja samskiptamál í hverjum hópi. Skólinn tekur einnig þátt í Skólápúlsum sem er

rafræn könnun fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra þar sem meðal annar er kannað stöðu mála varðandi einelti. Niðurstöður allra kannana eru notaðar til að rýna stöðuna í skólanum hjálpar til við að kortleggja næstu skref sem taka á í skólanum.

Viðbrögð við einelti

Þrátt fyrir mikilvægi forvarna er einnig lykilatriði í eineltisáætlun Grunnskólans í Hveragerði að vera með skýrt vinnuferli þegar kemur upp grunur um einelti eða utan að komandi tilkynningar um slíkt. Það er mikil áhersla lögð á að vinna eineltismál faglega þar sem umsjónarkennarinn skipar stóran sess með stuðningi frá eineltisteymi skólans. Unnið er eftir ákveðnum skrefum (sjá mynd) og opnuð svokölluð „eineltisbók“ þegar þessi vinna fer fram og skýrt kveðið á um hlutverk starfsmanna í ferlinu. Ef að sú staða kemur upp að illa gengur að uppræta eineltismál þá hefur Grunnskólinn leitað aðstoðar utanaðkomandi aðila eins og forsvarsmanna Olweusaráætlunarinnar á Íslandi til að veita ráðgjöf við úrvinnslu mála.

Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti og/eða þegar samskipti nemenda eru neikvæð:



Eineltisáætlun starfsmanna Grunnskólans í Hveragerði

Einelti á vinnustað getur tekið á sig ýmsar myndir. Þær eru meðal annars:

- Starf, hæfni og verk einstaklings eru lítilsvirt.
- Dregið er að ástæðulausu úr ábyrgð og verkefnum.
- Særandi athugasemdir og skammir eða þolandi gerður að athlægi.
- Hunsun eða útilokun frá félagslegum og faglegum samskiptum.
- Árásir og gagnrýni á viðkomandi og einkalíf hans.
- Lítilsvirðingar og útilokun eða einstaklingur er tekinn fyrir.
- Meiðandi sögusagnir og óþægileg stríðni.
- Óréttmæt gagnrýni eða útilokun frá upplýsingum.
- Hótanir gegn starfsöryggi.

Deilur, móðganir eða árekstrar í samskiptum teljast ekki einelti nema einstaklingur sem lendir í slíku sé ekki fær um að verja sig og athæfið sé síendurtekið.

Einelti er aldrei á jafnréttisgrundvelli og því verða yfirmenn að gæta sérstaklega að framkomu gagnvart samstarfsfólki þar sem þeir eru óhjákvæmilega í ákveðinni valdastöðu á vinnustaðnum. Fólk er einnig misjafnt og hjá því verður ekki komist að einn getur upplifað eitthvað sem móðgun sem annar tekur ekki nærri sér. Í þessu sambandi skiptir upplifun einstaklingsins miklu máli.

Stefna gegn einelti er mikilvæg. Þar þarf að koma skýrt fram að einelti er ekki liðið á vinnustaðnum og um það þurfa allir starfsmenn að vera upplýstir.

Aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Að hafa öryggisráðgjafarmann / öryggisnefnd starfandi.
- Að kanna reglulega líðan starfsmanna (t.d. með viðtölum).
- Fræðsla fyrir stjórnendur og starfsmenn um eineltishugtakið og birtingarform eineltis, um samskipti og vellíðan á vinnustað ásamt umræðum um slík málefni.
- Öflug nýliðafræðsla.
- Að kynna vel þær umgengnis-, starfs- og/eða siðareglur sem gilda á vinnustaðnum, skólareglur, starfsmannastefnu, starfsmannahandbók o.þ.h.
- Að hafa skýrar leiðbeiningar um hvert starfsmenn geta leitað, innan og utan vinnustaðar, vegna vandamála sem upp koma.

Komi fram grunur, ábending eða kvörtun um einelti á vinnustað er mikilvægt að bregðast við eins fljótt og kostur er. Meta skal aðstæður í samvinnu við viðeigandi aðila og kalla til þá sem málið varðar. Fara þarf vandlega yfir málið og kalla til utanaðkomandi ráðgjafa ef þörf er á. Mikilvægt er að:

1. Fara yfir málið í ró og næði með starfsmanninum sem kvartar eða tilkynnir.
2. Ræða við meintan geranda sem og aðra sem geta veitt upplýsingar um málið.
3. Ræða aðeins við einn í senn.
4. Gæta trúnaðar og tillitsemi.
5. Draga ekki fleiri inn í málið en nauðsynlegt er.
6. Deila aðeins upplýsingum með öðrum starfsmönnum gerist þess þörf.
7. Afla allra nauðsynlegra gagna.
8. Halda skrá yfir allar upplýsingar.

Samkvæmt vinnuverndarlögum er skólastjóri talinn bera ábyrgð á vinnuverndarstarfi við skólann.

Taka skal allar tilkynningar um einelti alvarlega. Einnig er mikilvægt að hlusta á sjónarmið allra. Strax skal gripið til viðeigandi ráðstafana þar sem tryggt er að einelti endurtaki sig ekki. Gæta skal þess að upplýsa aðila máls um framvinduna eins og kostur er á meðan unnið er að lausn þess.

Þegar atvik hafa verið upplýst og talið er að meintur gerandi hafi beitt þolanda einelti þarf að huga að afleiðingum málsins. Sem dæmi um afleiðingar má nefna aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa, breytingu á starfi geranda og/eða þolanda eða að veita meintum geranda áminningu.

Hvert er hægt að leita eftir aðstoð?

- Til næsta yfirmanns.
- Til öryggistrúnaðarmanns og/eða félagslegs trúnaðarmanns. Sá tekur við upplýsingum og aðstoðar við að koma málinu í farveg.
- Til stéttarfélags starfsmanns.
- Til Vinnueftirlitsins.

Ef skólastjórnendur eru aðilar máls skal beina kvörtun til Fræðslunefndar Hveragerðisbæjar.